

Nd.

864. Breytingartillögur

[271. mál]

við frv. til l. um framhaldsskóla.

Frá Ragnari Arnalds.

1. Við 3. gr.
 - a. Í stað „60%“ í 4. mgr. komi: 80%.
 - b. Í stað „40%“ í sömu málsgrein komi: 20%.

2. Við IV. kafla. Í stað 5.–11. gr. komi 10 nýjar greinar er orðist svo:

a. (5. gr.)

Á framhaldsskólastigi skal landinu skipt í níu fræðsluumdæmi svo sem hér segir:

1. Vesturland.
2. Vestfirðir.
3. Norðurland vestra.
4. Norðurland eystra.
5. Austfirðir.
6. Suðurland.
7. Suðurnes.
8. Hafnarfjörður, Garðabær, Bessastaðahreppur, Kópavogur.
9. Reykjavík, Seltjarnarnes, Mosfellssveit, Kjalarnes, Kjós.

Heimilt er ráðherra að stofna sérstakt fræðsluumdæmi í sveitarfélagi með 10 þúsund íbúum eða fleiri ef sveitarstjóri óskar þess og fjárveiting er fyrir hendi.

b. (6. gr.)

Í hverju fræðsluumdæmi skal starfa fræðsluráð, skipað níu mönnum, er kosnir skulu með leynilegum, almennum kosningum um leið og almennar sveitarstjórnarkosningar fara fram. Kosningarrétt og kjörgengi til fræðsluráðs eiga allir þeir sem hafa kosningarrétt í sveitarfélögum hvers fræðsluumdæmis.

c. (7. gr.)

Yfirkjörstjórn í viðkomandi kjördæmi við kosningar til Alþingis auglýsir kosningu fræðsluráðs og stjórnar talningu atkvæða, sbr. IV. og XIII. kafla laga nr. 80/1987, um kosningar til Alþingis. Að öðru leyti gilda um kosningar til fræðsluráða ákvæði sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 eftir því sem við getur átt.

d. (8. gr.)

Hlutverk fræðsluráðs er í aðalatriðum eftirfarandi:

1. að fara með stjórn framhaldsmenntunar í umdæminu og koma fram fyrir þess hönd gagnvart fræðsluyfirvöldum,
2. að starfrækja fræðsluskrifstofu og ráða fræðslustjóra til að veita henni forstöðu,
3. að móta tillögur um meginskipan framhaldsmenntunar með hliðsjón af stefnumörkun og ábendingum uppeldismálaþings skv. 16. gr.,
4. að fjalla um og afgreiða árlega framkvæmda- og fjárhagsáætlun vegna framhaldsskóla og fræðsluskrifstofu í umdæminu og senda hana menntamálaráðherra,
5. að fara með stjórn framhaldsskólasjóðs í umboði sveitarfélaga í umdæminu,
6. að ákveða fyrir sitt leyti, með hliðsjón af fyrri áætlunum skv. 4. tölul., skiptingu fjárframlaga ríkis og sveitarfélaga milli skóla í umdæminu og til sameiginlegra verkefna,
7. að hlutast til um kennslufræðilega þjónustu fyrir umdæmið,
8. að fara með önnur málefni sem því eru fengin í þessum lögum og reglugerðum er settar verða samkvæmt þeim.

e. (9. gr.)

Í hverju fræðsluumdæmi skal halda uppeldismálaþing eigi sjaldnar en þriðja hvert ár. Þar skal mörkuð stefna og lögð á ráðin um framhaldsmenntun í umdæminu.

Fræðsluráð boðar til uppeldismálaþings og setur reglur um fjölda kjörinna fulltrúa.

f. (10. gr.)

Sveitarstjórnir kjósa fulltrúa á uppeldismálþing í hlutfalli við íbúafjölda. Auk kjörinna fulltrúa á uppeldismálþing er áhugamönnum heimilt að sækja þingið og hafa þar málfrelsi og tillögurétt.

g. (11. gr.)

Fræðsluskrifstofa undir stjórn fræðslustjóra er framkvæmdaaðili fræðsluráðs. Skrifstofan er jafnframt þjónustustofnun fyrir framhaldsskóla í umdæminu og annast eftir því sem við á tengsl þeirra og umdæmisins við fræðsluyfirvöld.

Helstu verkefni fræðsluskrifstofu eru þessi:

1. að gera heildaráætlanir um skólahald og skólamannvirki í umdæminu, þar með taldar áætlanir um fjölda skóla, staðsetningu þeirra og byggingu,
2. að aðstoða skólastjórnir við að samhæfa og tengja saman starfsemi skólanna þannig að reksturinn verði sem hagkvæmastur og tækifæri til menntunar sem fjölbreyttust,
3. að gera heildaráætlanir um fjárþörf vegna skólahaldsins á grundvelli árlegra rekstraráætlana skólanna,
4. að annast undirbúning vegna byggingar skólamannvirkja (áætlanir, útboð, verksamninga), sbr. 1. tölul., og sjá um umsýslu fjármála vegna þessara þátta,
5. að annast launagreiðslur til starfsmanna framhaldsskóla,
6. að starfrækja kennslugagnamiðstöð er taki mið af þörfum skólanna og þeirra sem vilja færa sér í nyt fjarkennslu, sbr. 23. og 24. gr.,
7. að starfrækja ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu fyrir framhaldsskóla í umdæminu,
8. að hafa milligöngu um ýmiss konar þjónustu og ráðgjöf við skólana eftir því sem óskir standa til og við getur átt,
9. að hafa milligöngu um samstarf skóla og atvinnulífs í umdæminu,
10. að annast framkvæmd annarra mála sem skrifstofunni eru fengin í lögum þessum eða reglugerðum er settar verða samkvæmt þeim.

h. (12. gr.)

Skólastjórn framhaldsskóla skal skipuð fulltrúum kennara, nemenda og annarra starfsmanna skólanna eftir nánari reglum sem fræðsluráð setur. Skólastjórn fer með málefni hvers skóla samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð. Skólastjórn kys skólastjóra til fjögurra ára í senn, svo og formann skólastjórnar.

i. (13. gr.)

Þar sem tvö eða fleiri sveitarfélög innan fræðsluumdæmis standa saman að rekstri framhaldsskóla er heimilt að koma á fót samstarfsnefnd er skipuð verði fulltrúum hlutaðeigandi sveitarfélaga. Á sama hátt er heimilt, þar sem tveir eða fleiri framhaldsskólar eru starfræktir í sama sveitarfélagi, að stofna til slíks samstarfs innan sveitarfélagsins.

j. (14. gr.)

Í hverjum framhaldsskóla skal starfa nemendaráð og hefur það tillögu- og umsagnarrétt um markmið námsins, námsefni, námstilhögun og námsmat. Almenn samtök nemenda í hverjum skóla setja reglur um skipan, starfssvið og starfshætti nemendaráðs.

3. Við 12. gr. Í stað 1. mgr. komi:

Um fjölda starfsmanna og skiptingu starfa fer eftir stærð og gerð skóla og fjárveitingu hverju sinni. Ráðgjafar- og sálfræðipjónusta grunnskóla skal annast hliðstæða starfsemi fyrir framhaldsskóla.

Við hvern framhaldsskóla skal starfa námsráðgjafi einn eða fleiri og skal miða við fullt starf á hverja 300 nemendur. Verksvið hans skal vera að annast náms- og starfsráðgjöf svo og einstaklingsráðgjöf vegna vandamála sem tengjast skólagöngunni. Starfssvið skal nánar skilgreint í reglugerð.

Við hvern framhaldsskóla skal boðið upp á sérkennslu sem sinnt er af sérkennurum.

Menntamálaráðuneytið sér um að ætíð sé fyrir hendi efni til náms- og starfsfræðslu, þ.e. efni um einstaklinginn í atvinnulífinu, námsleiðir og störf.

4. Við 16. gr. Greinin orðist svo:

Allir, sem lokið hafa níu ára grunnskólanámi eða hlotið jafngilda undirstöðumenntun, eiga rétt á að hefja nám í framhaldsskóla að fullnægðum kröfum um starfsþjálfun þar sem hennar er krafist. Tryggja skal að allir nemendur eigi kost á námi við hæfi.

5. Við 17.–28. gr., VII. kafla. Greinarnar orðist svo:

a. (17. gr.)

Framhaldsskólar bjóða fram nám í raungreinum, sérgreinum og valgreinum þannig að sem best verði komið til móts við námsmarkmið nemenda.

b. (18. gr.)

Nám í framhaldsskóla skal fara fram á námsbrautum sem skilgreindar eru eftir markmiðum námsins. Námsbraut skal eftir föngum skipulögð þannig að unnt sé að ljúka þar mislöngu námi. Setja má í reglugerð hvar á námsbraut slík námslok geti verið.

c. (19. gr.)

Í samræmi við hlutverk framhaldsskóla skal á öllum námsbrautum fara saman nám sem lýtur að almennri menntun og sérgreint nám með hliðsjón af markmiðum brautarinnar. Lögð skal áhersla á tengsl verklegra og bóklegra þátta námsins.

Á hverri námsbraut skal gefa kost á valgreinum. Marka skal sem greiðastar leiðir milli námsbrauta svo og til áframhaldandi náms.

d. (20. gr.)

Nám í framhaldsskólum skal hlíta lágmarkssamræmingu. Í þessu skyni setur menntamálaráðuneytið almenna námsskrá — rammanámsskrá — þar sem skilgreind eru helstu markmið námsins og kveðið er í meginatriðum á um námsbrautir, markmið þeirra og inntak.

Með rammanámsskránni skal tryggja jafngildi einstakra námsáfanga og viðfangsefna þannig að nemendur geti auðveldlega fært sig milli skóla.

Við gerð rammanámsskrár skal haft samráð við fræðsluráð og samtök kennara og nemenda á framhaldsskólastigi.

e. (21. gr.)

Námsefni framhaldsskóla skal skipað í skilgreinda námsáfanga sem metnir séu til eininga eftir umfangi námsins.

Menntamálaráðuneytið hefur, í samráði við fræðsluráð, forgöngu um umbætur í starfi framhaldsskóla, þar með talið rannsókn- og tilraunastarf og samningu námsefnis eftir því sem þörf krefur.

f. (22. gr.)

Fræðsla skal veitt í löggiltum iðngreinum, verksmiðjuíðnaði og öðrum atvinnugreinum samkvæmt nánari ákvæðum í námsskrá. Í reglugerð skal kveða á um hverjar skuli vera löggiltar iðngreinar.

g. (23. gr.)

Menntamálaráðherra skipar Iðnfræðsluráð til fjögurra ára í senn og skal það vera til ráðuneytis um mótun heildarstefnu og skipulag í iðnfræðslu, löggiltum iðngreinum og verksmiðjuíðnaði. Iðnfræðsluráð skal skipað níu mönnum. Skulu tveir þeirra vera iðnmeistarar, tilnefndir af Landssambandi iðnaðarmanna, tveir iðnsveinar og einn fulltrúi iðnverkafólks, tilnefndir af Alþýðusambandi Íslands. Félag íslenskra iðnrekenda tilnefnir einn, Samband iðnfræðsluskóla einn og Iðnnemasamband Íslands einn. Menntamálaráðherra skipar formann án tilnefningar. Varamenn skulu valdir með sama hætti og aðalmenn. Iðnfræðsluráð veitir umsögn um tillögur að námsskrám í verklegum og bóklegum faggreinum og að stöðlum um búnað og aðstöðu og gerir tillögur um skipulag kennslueftirlits í iðngreinum. Iðnfræðsluráð gerir tillögur til menntamálaráðuneytisins um reglur varðandi framkvæmd námssamninga. Nánar skal kveðið á um hlutverk Iðnfræðsluráðs í reglugerð sem menntamálaráðuneytið setur.

h. (24. gr.)

Menntamálaráðherra skipar fræðslunefndir í einstökum iðngreinaflokkum til fjögurra ára í senn. Nefndirnar fjalla um tilhögun fræðslunnar hver á sínu sviði og gera tillögur að námsskrám. Iðnfræðsluráð tilnefnir þrjá fulltrúa í hverja nefnd en ráðherra skipar formann og ritara. Verði því við komið skulu sömu menn gegna þeim störfum í öllum nefndunum til þess að tryggja nauðsynlega samræmingu og hagkvæmni á námsskipan iðn- og tæknibrauta. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti og aðalmenn.

i. (25. gr.)

Til að tryggja sem víðtækust samráð við atvinnulífið er menntamálaráðuneytinu heimilt að skipa sérstök fræðsluráð og/eða fræðslunefndir til viðbótar þeim, sem nefndar eru í 23. gr., til að vera ráðuneytinu til aðstoðar við framkvæmd laga þessara. Kveðið skal á um starfssvið og skipan slíkra nefnda í reglugerð.

j. (26. gr.)

Heimilt er skólanefnd að gera samninga við iðnmeistara, fyrirtæki eða stofnun um að annast tiltekna þætti verklegrar menntunar í samstarfi við framhaldsskóla. Slíkir samningar skulu staðfestir af menntamálaráðuneytinu og hefur ráðuneytið yfirumsjón með framkvæmd þeirra.

Heimilt er iðnmeisturum að taka nemendur til verklegs náms í löggiltum iðngreinum og skal gera um það sérstaka námssamninga. Í reglugerð, sem menntamálaráðherra setur, skal kveðið á um gerð námssamninga, réttindi og skyldur samningsaðila, námslok, próf, útgáfu prófskírteina og starfsréttindi í samræmi við lög um atvinnuréttindi iðnaðarmanna.

Menntamálaráðuneytið getur að höfðu samráði við Iðnfræðsluráð veitt mönnum heimild til að ganga undir verklegt próf í iðngrein án skólanáms, enda leggi umsækjandi fram:

- a. umsögn viðkomandi iðnaðarmannafélags í heimabyggð umsækjanda; starfi slíkt félag ekki skal leita umsagnar svæðasambands eða landssambands í greininni,
- b. umsögn meistara og vottorð um að viðkomandi hafi unnið við iðnina í átta ár.

Standist umsækjandi prófið öðlast hann sveinsbréf sem veitir ekki réttindi til inngöngu í meistaraskóla nema hann ljúki burtfararprófi frá iðnfræðsluskóla í faggreinum iðngreinarinnar.

k. (27. gr.)

Skylt er menntamálaráðuneytinu að halda uppi framhaldsnámi fyrir iðnsveina til meistaraprófs í því skyni að veita þeim aukna þekkingu í starfsgrein sinni, stjórnun og rekstri fyrirtækja.

Setja skal í reglugerð nánari ákvæði um nám til meistaraprófs.

Um námsgjöld vegna náms samkvæmt þessari grein gilda ákvæði IX. kafla.

l. (28. gr.)

Nám, sem krafist er til þess að öðlast atvinnuréttindi, skal skipulagt í samvinnu við stofnanir og/eða þá sérskóla á framhaldsskólastigi sem starfa samkvæmt sérstökum reglugerðum. Auk starfsréttinda skal námið veita rétt til frekara náms. Nánari ákvæði hér að lútandi skulu tilgreind í reglugerð. Starfi sérstök fræðsluráð tengd atvinnuvegum skulu þau vera umsagnaraðilar um hlutaðeigandi nám, sbr. 23. gr.

6. Við 29.–31. gr. Greinarnar falli niður.

7. Við 32. gr. 2. mgr. falli niður.

8. Við 34. gr. 1. másl. 2. mgr. falli niður.

9. Við 37. gr. 2. másl. 4. mgr. orðist svo: Menntamálaráðherra skipar skólanefnd, þar af formann án tilnefningar en aðra tilnefnda af eignaraðilum.